



Fylgi flokka ef kosið yrði til borgarstjórnar í dag




Samfylking í sókn - þrjú álíka stórir flokkar í borginni

Helstu breytingar á fylgi flokka í Reykjavík frá síðustu könnun eru þær að Samfylkingin bætir við sig sex prósentustigum milli mælinga. Á sama tíma tapar Björt framtíð og Sjálfstæðisflokkurinn fimm prósentustigum hvor¹. Ef kosið yrði til borgarstjórnar nú segjast um 23-24% ætla að kjósa hvern þessara þriggja flokka. Píratar bæta við sig tveimur prósentustigum og segjast rúmlega 13% myndu kjósa flokkinn nú. Tíundi hver segist myndi kjósa Vinstrihreyfinguna - grænt framboð, tæplega 4% myndu kjósa Framsóknarflokkinn og líðlega 2% Dögun færu borgarstjórnarkosningar fram núna.



Rúmlega 10% svarenda taka ekki afstöðu eða neita að gefa hana upp og tæplega 7% segjast myndu skila auðu eða ekki kjósa ef borgarstjórnarkosningar færu fram í dag.

Ef borgarfulltrúum er skipt milli flokka út frá niðurstöðum könnunarinnar fengu Sjálfstæðisflokkurinn, Samfylkingin og Björt framtíð fjóra borgarfulltrúa hver, Píratar fengu tvo og Vinstrihreyfingin - grænt framboð fengi einn borgarfulltrúa.



Spurt var:

Ef kosið yrði til borgarstjórnar í dag hvaða flokk eða lista myndir þú kjósa?

En hvaða flokk eða lista er líklegast að þú myndir kjósa?

Hvort er líklegt að þú kysir Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern hinna flokkanna?

Niðurstöður sem hér birtast um fylgi flokka ef kosið yrði til borgarstjórnar eru úr netkönnun sem Capacent Gallup gerði dagana 20. febrúar til 19. mars 2014. Heildarúrtaksstærð var 2.738 Reykvikingar 18 ára eða eldri valdir af handahófi úr Viðhorfahópi Capacent Gallup og þátttökuhlutfall var 59,7%. Vikmörk eru 0,6-2,3%.

Notkun á efni Þjóðarpúls Capacent og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefnið af: Capacent Gallup Ármúla 13 108 Reykjavík Sími: 540 1000 Netfang: sigrun.drifa.jonsdottir@capacent.is

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason

Ábyrgðarmaður: Vilborg Helga Harðardóttir © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. Capacent 2008. Allur réttur áskilinn.

¹ Vegna námununar í heilar tölur í þróunarmynd virðist lækkan Sjálfstæðisflokksins þar vera fjögur prósentustig en hún er í raun fimm prósentustig.